

REGLUR

um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma og slysa.

1. gr.

Greiðslur tannlækniskostnaðar skv. reglum þessum miðast við gildandi gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins á hverjum tíma.

2. gr.

1. Sjúkratryggingar greiða 90% nauðsynlegs kostnaðar við almenna tannlæknis-meðferð þeirra barna, sem falla undir 1. og 2. flokk reglugerðar nr. 150 frá 22. apríl 1992, svo og andlega þroskahamlaðra, 16 ára og eldri, sem dveljast á vistheimilum eða sambýlum. Þátttaka sjúkratrygginga í almennum tannlækniskostnaði hvers einstaklings, án umsóknar, takmarkast við greiðslu allt að 20.000 kr. á ári. Þátttaka sjúkratrygginga vegna umfangsmeiri meðferðar er háð samþykki sjúkratrygginga að undangenginni umsókn.

2. Sjúkratryggingar greiða 75% nauðsynlegs kostnaðar vegna barna, 16 ára og yngri, en 50% vegna einstaklinga 17 ára og eldri. Heimilt er að auka þátttöku sjúkratrygginga í allt að 90% af kostnaði skv. reglum tryggingaráðs, vegna efnaleysis umsækjenda eða forráðenda þeirra.

3. Sjúkratryggingum er heimilt að taka þátt í kostnaði við nauðsynlega endurnýjun tannaðgerða, sem stofnað hefur verið til vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma eða slysa, þegar sýnt þykir að endurnýjunar er þörf vegna takmarkaðs endingartíma viðurkenndra efna eða aðferða.

3. gr.

Sjúkratryggingar taka þátt í kostnaði við nauðsynlegar tannlækningar, aðrar en tannréttingar, vegna eftirtalinna tilvika, enda verði þau ekki rakin til stórkostlegs gáleysis umsækjanda, sbr. 4.-7. tl.:

1. meðfæddrar tannvöntunar,
2. vansköpunar tanna, sem leiðir til alvarlegra útlitslýta eða starfrænna truflana þeirra,
3. rangstæðra tanna, sem valdið geta alvarlegum skaða,
4. alvarlegra einkenna frá kjálkaliðum eða tyggivöðvum,
5. alvarlegrar sýrueyðingar tannvefs,
6. alvarlegs niðurbrots á stoðvefjum tanna einstaklinga 25 ára og yngri,
7. annarra sambærilegra, alvarlegra tilvika.

4. gr.

Sjúkratryggingar skulu taka þátt í kostnaði við nauðsynlegar tannréttingar vegna eftirtalinna, alvarlegra tilvika:

1. Skarðs í vör eða gómi, sem valdið getur grófri tannskekku;
2. Meðfæddrar tannvöntunar 4 eða fleiri fullorðinstanna, sem ekki verður bætt án réttingar;
3. Annarra sambærilegra tilvika, s.s. alvarlegs misræmis í vexti kúpu og kjálka.

5. gr.

Sjúkratryggingar skulu veita styrk vegna kostnaðar við tannréttingar barna og ungmenna 20 ára og yngri vegna annarra tilvika en um getur í 4. gr. samkvæmt reglum sem tryggingaráð setur. Ákvæði 2. gr., 2. tl., 2. ml. um tekjutengingu nær ekki til styrkja vegna tannréttinga skv. þessari grein.

6. gr.

Sjúkratryggingar skulu taka þátt í nauðsynlegum tannlækniskostnaði vegna alvarlegra slysaatburða, þegar slys verður ekki rakið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis umsækjanda og slysatryggingar, skv. lögum um almannatryggingar nr. 117/1993, bæta ekki kostnað, eða skaðabætur þriðja aðila fást sannanlega ekki greiddar.

Umsóknum einstaklinga, 17 ára og eldri, um þátttöku sjúkratrygginga vegna slysaatburða skulu fylgja áverkavottorð og skýrsla lögreglu og/eða vinnueftirlits.

7. gr.

Sjúkratryggingum er heimilt að endurgreiða tannlækniskostnað við tannplantaáðgerðir vegna tilvika sem falla undir 3., 4. og 6. gr., sbr. 2. gr., svo sem hér greinir:

1. Kosið er að beita tannplöntum í stað hefðbundinna áðgerða og er þá endurgreiðslufjárhæð í báðum þessum tilvikum hin sama.
2. Gert er að stærri eða meiriháttar vanskapnaði og sambærilegum áunnum lýtum og slysaáverkum, þegar sýnt þykir, að viðunandi mælanlegur árangur náist þá aðeins, að tannplantar séu notaðir, enda séu aðrir möguleikar hefðbundinna áðgerða áður kannaðir.

8. gr.

Reglur þessar, sem settar eru að fengnum tillögum tryggingaráðs skv. c-lið 33. gr. og síðustu málsgreinar 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, með áorðnum breytingum, koma í stað reglna nr. 58/1994 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. desember 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við almennar tannlækningar.

1. gr.

Samkvæmt reglum þessum skal þátttaka sjúkratrygginga í nauðsynlegum tannlækniskostnaði eftirtalinnna einstaklinga vera eftirfarandi:

1. 100%: elli- og örorkulífeyrisþegar, sem eru langsjúkir og dveljast á sjúkrastofnunum eða í þjónustuhúsnæði aldraðra og njóta vasapeninga.
2. 75%: elli- og örorkulífeyrisþegar með óskerta tekjutryggingu; elli- og örorkulífeyrisþegar, sem eru langsjúkir og dveljast á sjúkrastofnunum eða í þjónustuhúsnæði aldraðra og njóta engra vasapeninga; börn, 15 ára og yngri, sbr. þó 2. gr. gjaldskrár nr. 166/1992.
3. 50%: elli- og örorkulífeyrisþegar með skerta tekjutryggingu; 16 ára börn; börn, 16 ára og yngri, varðandi smíði steyptra tanngerva skv. 4. gr.